

Starfsstöð	Heimilisfang	Viðstaddir			
FE-1105 Arnarlax hf. - Arnarfjörður	Strandgötu 1 465 Bíldudalur				
Tílefni	Eftirlit framkvæmt	Dagsetning skýrslu	Tímar við úttekt	Viðbótartímar	Yfirvinna
Annað	8.7.2025	8.7.2025	8	0	0

Skoðuð voru og tekin afstaða til 4 skoðunatriða af 22. Gerðar eru kröfur um úrbætur í 4 skoðunatriðum, þar af 2 Alvarleg frávik og 1 Frávik. Nema annað sé tekið fram þá er veittur frestur til næstu reglubundinnar skoðunar samkvæmt áhættumati. Úrbótum skal lokið eins fljótt og auðið er.

Frestur til úrbóta

Næsta reglubundna skoðun

Alvarlegt frávik	Frávik
4.3.1 Viðbragðsáætlun vegna stroks 5.1.2 Þjálfun starfsfólks (rekstrarleyfi>20.tonn)	5.1.6 Innri úttektir - sannprófun (rekstrarleyfi>20.tonn)

Niðurstaða eftirlits

Þriðjudaginn 17. júní 2025 barst matvælastofnun tilkynning um tjón á búnaði á eldissvæði Arnarlax í Hringsdal í Arnarfirði. Um var að ræða gat á nót í kví númer 13. Gatið uppgötvaðist við reglubundið neðansjávareftirlit degi fyrr eða að morgni 16. júní 2025 og var viðgerð lokið samdægurs. Samkvæmt upplýsingum Arnarlax var gatið á 10 metra dýpi og var 34 cm á lengd eða 16 - 18 möskvar og 1 - 2 möskvar á breidd. Í umræddri kví voru um 128.199 eldislaxar að meðalþyngd 525 gr. Neðansjávareftirlit var síðast framkvæmt 22. maí sl. og var nótarþoki þá heill. Lögð voru út net í grennd við eldiskvína þann 17. júní í samráði við Fiskistofu til að fanga mögulegan stroklax. Enginn lax veiddist í net. Matvælastofnun hóf þegar rannsókn málsins eftir að tilkynning barst og óskaði eftir upplýsingu frá rekstraraðila m.a. um ástæðu þess að tilkynning til Matvælastofnunar hafi ekki borist fyrr en rúmum sólarhring eftir að gatið uppgötvaðist og viðbrögð rekstraraðila fyrst hafist þá. Samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðila láðist þjónustuaðila að tilkynna strax um gatið en svæðisstjóri fékk upplýsingar um gatið frá skipstjóra á vakt þann 17. júní en strax þá hafi viðbragðsáætlun vegna stroks verið virkjuð. Niðurstaða rannsóknar Matvælastofnunar er að óverulegar líkur eru á að stök eldislaxa hafi átt sér stað en stofnunin hefur athugasemdir við ákveðna þætti sem tengjast viðbrögðum rekstraraðila við atvikinu, m.a. hvað varðar sein viðbrögð í kjölfar þess að gatið fannst, þjálfun starfsfólks og ófullnægjandi sannprófun rekstraraðila á atvikinu.

Matvælastofnun kallar eftir að atvikið verði sannprófað á ný og sannprófun ásamt tímasettri úrbótaáætlun verði í kjölfarið send stofnuninni.

Vakin skal athygli á að skv. 1. mgr. 26. gr. stjórnsýslulaga, er þér heimilt að kæra ákvörðun þessa til matvælaráðuneytisins. Jafnframt skal athygli vakin á 1. mgr. 27. gr. laganna, þar sem segir að stjórnsýslukæra skuli borin fram innan þriggja mánaða frá því að aðila var tilkynnt um stjórnvaldsákvörðun.

Um gjaldtöku fyrir eftirlit og aðra gjaldskylda starfsemi Matvælastofnunar s.s. útgáfu leyfa, vottorða, skráningar o.fl. fer skv. gjaldskrá nr. 590/2024. Krafa birtist í netbanka og reikningur er birtur á Ísland.is.

Starfsstöð

Arnarlax hf. - Arnarfjórður
Strandgötu 1
465 Bíldudalur
Staða: Í gildi
Kennitala: 5803100600

Starfsemi

ABP - Section I - OTHER - Other activities
Frumframleiðsla - Þáttur VI - AE - Áframeldi - 1

Tengiliðir

Silja Baldvinsdóttir	6167815	silja@arnarlax.is	Gæðastjóri
Hjörtur Methúsalemsson	8667803	hjortur@arnarlax.is	Verkefnastjóri
Johnny Indergaard	8340611	johnny@arnarlax.is	COO biology

4 - Byggingar, búnaður og eldissvæði

4.1 - Sjókvíaeldi

32 - 46.gr. reglugerð nr.540/2020 og 20.gr. reglugerð nr. 300/2018

4.1.5 Eldissvæði

Sett inn: 13.11.2023

Úrbótaáætlun
Frestur: 1.6.2026

08.07.2025

Ekki var tekið tillit til þessa fráviks við rannsókn málsins.

01.07.2025

Ekki var tekið tillit til þessa fráviks í eftirlitinu.

16.06.25

Ekki var tekið tillit til þessa fráviks í eftirlitinu.

06.05.2025

Ekki var tekið tillit til þessa fráviks í eftirlitinu.

18.11.2024

Ekki var tekið tillit til þessa fráviks í eftirlitinu.

Eldisbúnaður er ekki allur innan skilgreinds eldissvæðis á Tjaldanesi

35. gr., 46. gr.og viðauka V í reglugerð nr. 540/2020.

Allur búnaður sjókvíaeldisstöðva (kvíar, festingar, prammar o.fl.) er innan tilgreinds ræktunarsvæðis(hnita) í rekstrarleyfi.

10.5.24: Úrbótaáætlun hefur verið lögð fram.

4.3 - Strok

45.gr. og viðauki IV. í reglugerð nr. 540/2020

4.3.1 Viðbragðsáætlun vegna stroks

Sett inn: 08.07.2025

Alvarlegt frávik

Við rannsókn málsins kallaði Matvælastofnun eftir viðbragðsáætlun rekstraraðila um strok. Ljóst er að rekstraraðili fór ekki eftir eigin viðbragðsáætlun um strok, en gatið á kvínni var tilkynnt til Matvælastofnunar sólarhringi eftir að kafarar uppgötvuðu það og lagfærðu. Skýringar rekstraraðila á seinum viðbrögðum voru þau að þjónustuaðila sem starfaði fyrir rekstraraðila hafið láðst að tilkynna um gatið til rekstraraðila.

Matvælastofnun bendir á að það er á ábyrgð rekstraraðila að þjónustuaðilar sem starfa í hans þágu sinni skyldum sínum um að tilkynna um göt og sé kunnugt um hvaða viðbragða þarf að grípa til þannig að hægt sé að virkja viðbragðsáætlun vegna stroks án tafar þegar þörf er á, eins og í umræddu tilfelli. Allir aðilar sem vinna á vegum eða fyrir rekstraraðila við sjókvíar eiga að hafa þjálfun í viðbragði komi til þess að gat finnst á nótum og þurfa, undir öllum kringumstæðum, að fylgja eftir viðbragðsáætlun um strok, þar með talið að tilkynna um slíkt án tafar.

Matvælastofnun telur í ljósi framangreinds að samskiptaleyfi milli rekstraraðila og þjónustuaðila hans hafi orði til þess að viðbrögð við gati á nót í kví 13 í Hringsdal hafi verið of sein. Þar af leiðandi hafi ekki verið farið eftir viðbragðsáætlun um strok og kröfum reglugerðar um fiskeldi nr. 540/2020 um að grípa strax til viðeigandi ráðstafana ef grunur vaknar upp um strok og tilkynna án tafar um slíkan atburð til m.a. Matvælastofnunar, sbr. 45. gr. og viðauki IV fyrrnefndrar reglugerðar.

5 - Gæðastjórnun og innra eftirlit

5.1 - Skipulag, verklag, viðbragðsáætlanir og innra eftirlit

47. - 50.gr. og viðauki III. í reglugerð nr. 540/2020

5.1.2 Þjálfun starfsfólks (rekstrarleyfi>20.tonn)

Alvarlegt frávík

Sett inn: 08.07.2025

Við rannsókn málsins kallaði Matvælastofnun eftir upplýsingum um nöfn áhafna á þjónustubátnum sem voru við vinnu þann 16. júní þegar kafarar fundu gatið og 17. júní þegar viðbrögð voru virkjuð. Jafnframt var óskað eftir þjálfunarskrá viðkomandi starfsmanna sem og upplýsingum um hvenær þeir hófu störf hjá rekstraraðila.

Samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðila voru fimm aðilar í hvorri áhöfn og fékk Matvælastofnun þjálfunarskrá þessara tíu aðila sendar og voru þær yfirfarnar við rannsókn málsins.

Í reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020 er fjallað um þjálfun starfsmanna sjókvíaeldisstöðva. Skýrar kröfur eru um þá þjálfun sem starfsfólk ber að hljóta áður en það hefur störf í fiskeldisstöð, sbr. 1. mgr. 50. gr. og viðauka III í fyrrnefndri reglugerð. Þannig þurfa nýir starfsmenn að fá kynningu á gæðastjórnunarkerfi fyrirtækis, þjálfun í vörnum gegn stroki, viðbrögðum við stroki, meðhöndlun eiturefna, þekkingu á verklagsreglum, viðbragðsáætlunum og innra eftirliti rekstraraðila. Þá þurfa allir starfsmenn fiskeldisstöðva einnig að fá þjálfun í að lágmarka umhverfisáhrif og að tryggja velferð eldisdýra.

Við yfirferð þjálfunarskrár þeirra tíu aðila sem voru við störf þann 16. og 17. júní er ljóst að enginn af þeim hefur hlotið alla þá þjálfun sem kröfur eru um til starfsmanna sjókvíaeldisstöðva samkvæmt reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020 þrátt fyrir að hafa starfað hjá rekstrarleyfishafa í langan tíma. Þá hafa tveir starfsmenn sem hófu störf 13. og 27. maí ekki hlotið neina þjálfun þrátt fyrir kröfur um að starfsmenn hefji ekki störf án þess að fá ákveðna lágmarksþjálfun.

Matvælastofnun telur með vísan til fyrirliggjandi gagna að þjálfun þeirra starfsmanna sem voru við störf 16. og 17. júní á eldissvæðinu í Hringsdal hafi verið verulega ábótavant.

Þá bendir Matvælastofnun rekstraraðila á að ekki er samræmi á milli þeirrar þjálfunar sem tilgreind er í þjálfunarskrá starfsmanna og skjals sem rekstraraðili sendi jafnframt til stofnunarinnar og ber heitið „competence_overview– Escapes.pdf.“ Í síðarnefnda skjalinu er annars vegar tilgreind þjálfun starfsmanna í forvörnum slysasleppinga sjóeldis og hins vegar viðbragðsáætlun vegna slysasleppingar. Einungis þrír aðilar hafa lokið þjálfun í báðum þáttum samkvæmt því sem fram kemur í skjalinu, fimm að hluta og tveir ekki hlotið neina þjálfun. Í þjálfunarskrá þeirra aðila sem hafa tekið hluta samkvæmt fyrrnefndu skjali er ýmist sagt að þeir hafi lokið þjálfun í námskeiði sem ber heitið „Forvarnir slysasleppinga sjóeldi“ eða ekki. Umrætt námskeið inniheldur þjálfun í viðbragði við stroki skv. upplýsingum sem Matvælastofnun óskaði sérstaklega eftir frá rekstraraðila. Að Mati Matvælastofnunar er skráning í þjálfunarskrá starfsmanna ófullnægjandi og villandi.

5.1.6 Innri úttektir - sannprófun (rekstrarleyfi>20.tonn)

Frávík

Sett inn: 08.07.2025

Við rannsókn málsins kallaði Matvælastofnun eftir sannprófun atviksins á grundvelli viðauka III í reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020. Rekstrarleyfishafi sendi sannprófun sem dagsett er þann 23. júní 2025.

Matvælastofnun telur sannprófun atviksins með öllu ófullnægjandi.

Ljóst er af umfjöllun í eftirlitsskýrslu þessari undir lið 5.1.2 þjálfun starfsfólks að þjálfun starfsfólks er verulega ábótavant. Í sannprófun telur rekstrarleyfishafi að þjálfun starfsfólks umrætt sinn vera í lagi þar sem „[s]væðisstjóri ásamt tveimur af fjórum starfsmönnum Hringsdals þennan dag þegar gat uppgötvaðist hafa lokið námskeiði í forvörnum slysasleppinga.“ Matvælastofnun bendir enn og aftur á skilyrðislausu skyldu rekstraraðila til að þjálfu allt starfsfólk sitt eins og kveðið er á um reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020. Stofnunin telur ljóst að enginn af starfsmönnum rekstraraðila sem voru við störf 16. og 17. júní hafi fengið fullnægjandi þjálfun eins og rekstraraðila bera að veita þeim áður en þeir hefja störf. Þá bendir stofnunin jafnframt á að það geti ekki talist fullnægjandi að einungis þrír af fimm starfsmönnum hafi fengið þjálfun í forvörnum slysasleppingar eins og rekstraraðili fjallar um í sannprófun sinni. Í öllum tilfellum hefði þetta atriði átt að krefjast úrbóta af hálfu rekstraraðila í sannprófun fyrir atvikið en einnig sú staðreynd að enginn af öllum tíu starfsmönnum höfðu hlotið alla þá þjálfun sem gerð er krafa til.

Í sannprófun undir liðnum þjálfun er farið yfir það hvort að þjálfunaráætlanir séu nógu góðar. Þar segir að þjálfun sé samkvæmt Blue Planet stefnu og þjálfun nýliða sé í samræmi við þær kröfur sem Matvælastofnun setur. Jafnframt sé í gildi þjálfunaráætlun frá dýralæknabjónustu Arnarlax. Matvælastofnun telur ljóst af þeirri rannsókn sem lagt hefur verið í vegna málsins að rekstrarleyfishafi hafi ekki farið eftir eign þjálfunarstefnu og kröfum til þjálfunar starfsmanna. Sannprófunarhópur hefði átt að komast að sömu niðurstöðu.

Í sannprófun vegna atviks sem þessa þarf að fara yfir það skref fyrir skref hvor viðbragðsáætlun um stök hafi verið virkjuð, hvort aðgerðir hafi verið fullnægjandi, aðgerðir framkvæmdar innan uppgefinna tímamarka og hvort farið hafi verið eftir viðbragðsáætluninni í einu og öllu. Það er ekki gert í sannprófun rekstrarleyfishafa. Þá er ekkert komið inn á það hvernig það atvikaðist að rekstraraðili fékk ekki upplýsingar um gat á umræddri kví frá þjónustuaðila sínum. Að mati Matvælastofnunar er þetta veigamikill þáttur sem rekstraraðili hefði þurft og þarf að kryfja til að koma í veg fyrir að

slíkt endurtaki sig. Rekstraraðili getur ekki fyrrað sig ábyrgð þar sem um sé að ræða þjónustuaðila. Skyldan að tilkynna stök og grípa til aðgerða hvílir á rekstraraðila sjálfum og ber honum að tryggja að allir starfsmenn hans og þjónustuaðilar upplýsi um atvik sem leiði til þess að virkja þurfi viðbragðsáætlanir og grípa til aðgerða. Sannprófun rekstraraðila er því ófullnægjandi hvað þetta varðar.

Að mati Matvælastofnunar skortir umfjöllun um framangreinda þætti í sannprófuninni sem og tímasetta úrbótaætlun vegna þeirra.

Jónína Guðmundsdóttir
jonina.gudmundsdottir@mast.is
Séfræðingur í fiskeldi
5304800

Lagagrunnur eftirlits

Eftirlit með fiskeldi er samkvæmt lögum nr. 71/2008 um fiskeldi. Löggjöfin fjallar um eftirlit og leyfisveitingar rekstrarleyfa til fiskeldis. Nánari ákvæði hafa verið sett fram í reglugerð nr. 540/2020 um fiskeldi.

Markmið laga um fiskeldi er að skapa skilyrði til uppbyggingar fiskeldis og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu, stuðla að ábyrgu fiskeldi og tryggja verndun villtra nytjastofna. Skal í því skyni leitast við að tryggja gæði framleiðslunnar, koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og lífríki þeirra og tryggja hagsmuni þeirra sem nýta slíka stofna. Til að ná því markmiði skal tryggt að eldisbúnaður og framkvæmd í sjókvíaeldi standist ströngustu staðla sem gerðir eru fyrir fiskeldismannvirki í sjó.